



Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um innleiðingu samþykktar Sameinuðu þjóðanna með tilliti til aðgengis fatlaðra á allri þjónustu sem veitt er í borginni

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 13. febrúar 2020 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins, sbr.23. lið fundargerðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs s.d.:

Ísland er aðili að samþykktum Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og ber því að framfylgja þeim samþykktum, enda stendur til að Alþingi geri samþykktirnar að lögum þann 13. desember n.k. Ljóst er að margt í þessum samþykktum snýr beint að sveitarfélögum í landinu og því nauðsynlegt að þau framfylgi undirrituðum samþykktum og geri viðeigandi ráðstafanir varðandi alla liði samþykktarinnar. Það hvílir því á Mannréttinda- nýsköpunar og lýðræðisráði að fylgjast grannt með að samþykktunum sé fylgt eftir á öllum sviðum borgarinnar. Er mannréttindaráð og mannréttindastofa tilbúin að skoðað til hlítar það deiliskipulag meirihlutans að gera Laugaveg, Skólavörðu- og Vegamótastíg að varanlegum göngugötum með tilliti til samþykpta Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra? Deiliskipulagið hefur nú þegar verið lagt fram í Skipulags- og samgönguráði og samþykkt 5. febrúar síðast liðinn. Í deiliskipulaginu er aðeins gert ráð fyrir að stæði verið fyrir fatlað fólk í þvergötum sem allar eru í halla sem reynist fólki í hjólastól erfitt. Hreyfihamlaðir þurfa því að ganga talsverða vegalengdir til þjónustuaðila, en margir hverjir eiga erfitt með gang.

Svar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu:

Reykjavíkurborg hefur m.a. með stofnun aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks, lagt mikla áherslu á að vinna að frekara aðgengi fatlaðs fólks í borgarsamfélaginu. Samningur sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kveður á um aðgengi allra en réttur fatlaðs fólks að göngugötum eða útfærsla á þeim, er ekki sérstaklega nefnt í samningnum. Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks hefur haft breytingu á deiliskipulagi Laugavegs og annara svæða í miðborginni til umfjöllunar á fundum sínum og þar hafa aðgengismál sérstaklega verið rædd. Á fundum nefndarinnar sitja sérfræðingar í aðgengismálum, notendurnir sjálfir, sem hafa sérþekking á málaflokknum og eru best til þess fallnir að vinna áfram að því að tryggja aðgengi allra að borgarsamfélaginu.

Með kveðju

Elísabet Pétursdóttir